



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR LH STARFSÁRIÐ 2025



Æskulýðsnefnd LH 2024-2026

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA



EFNISYFIRLIT

Æskulýðsnefnd LH.....	3
Starfsárið 2025	3
Fundarherferð æskulýðsnefndar 2025	3
FEIF Youth Camp 2025.....	4
Fjölskyldudagur LH.....	6
FEIF Youth Leader Seminar 2025/2026	6
FEIF Youth Cup 2026.....	6
FEIF Youth Leadership Seminar 2027	7
Æskulýðsbíkar LH	7
Handhafar Æskulýðsbíkar LH frá 1996 til 2024	9



ÆSKULÝÐSNEFND LH

Ástríður Magnúsdóttir
Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður
Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir
G. Linda Björgvinsdóttir, ritari
Jón Þorberg Steindórsson
Rakel Katrín Sigurhansdóttir
Sigurbjörn Eiríksson fram til október 2025
Stefán G. Ármannsson
Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

STARFSÁRIÐ 2025

Nefndin hefur fundað 12 sinnum alls og þarf af einu sinni með staðarfundi það sem af er ári. Helsta verkefni nefndarinnar á árinu var fundarherferð með æskulýðsfulltrúum aðildarfélaga LH, val á þátttakendum Íslands og skipulagning í kringum FYCamp og val á handhafa æskulýðsbikar LH, ásamt öðrum málum sem komu á borð nefndarinnar s.s. erindi frá Katrín Schmitt varðandi regluverk er kemur að hestafimleikum og er það mál í vinnslu. Fyrri nefnd var byrjuð að skipuleggja FEIF Youth Camp 2025 og því ákveðið að skipa sérstaka skipulagsnefnd fyrir FYCamp 2025.

Æskulýðsnefnd er alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

FUNDARHERFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNDAR 2025

Nefndin sendi tölvupósta á öll aðildarfélög LH og óskaði eftir upplýsingum um æskulýðsfulltrúa hvers félag til að uppfæra æskulýðsfulltrúalistann og koma sér upp póstlista með æskulýðsfulltrúum til að geta haft beint samband við þá um málefni tengd æskulýðsmálum og



kalla eftir æskulýðsskýrlum félaganna. Misjafnlega gekk að fá svör við póstunum þar sem félögin viðast misdugleg að uppfæra LH um breytingar sem verða innan félaganna og virðist sem nokkur félög séu með rangar upplýsingar skráðar hjá skrifstofu LH. Nefndin skipulagði fundaherferð og boðaði alla æskulýðsfulltrúa aðildarfélaga LH eða formenn þeirra á fund við sig og önnur félög. Nefndin ákvað að blanda saman félögum þvert á landsvæði þar sem um fjarfundi var að ræða, því líklegra væri að nágrannafélög væru meðvitaðri um hvað er að gerast í æskulýðsmálum nær sér en gætu hugsanlega fengið fleiri góðar hugmyndir þvert yfir landið. Alls voru haldnir 6 fundir sem tókust vel til og virðist hafa verið almenn ánægja með fundina. Æskulýðsnefnd stefnir ótrauð á fleiri fjarfundi í vetur með æskulýðsfulltrúm.

FEIF YOUTH CAMP 2025

LH og FEIF gerðu með sér samning um að halda FEIF Youth Camp 2025 (FYCamp) á Íslandi. FYCamp eru sumarbúðir fyrir hestakrakka á aldrinum 14-17 ára á árinu. Markmið þeirra er að kynna krakka frá aðildarlöndum FEIF fyrir hestamenningu annarra þjóða, auka skilning á menningarlegum mun og að gefa þeim tækifæri til að hitta og kynnast ungu fólk með sama áhugamál. Einnig fá þau frábært tækifæri til að efla enskuna sína.

Eftir að samningur var gerður og undirbúningsvinna komin af stað skipaði stjórn LH nýja æskulýðsnefnd í kjölfar Landsfundar. Til að skipulagið myndi ekki riðlast tók æskulýðsnefnd þá ákvörðun að skipa sér skipulagsnefnd til að halda utan um verkefnið, finna hentuga staðsetningu, skipuleggja dagskrá o.s.fv. Leitað var til okkar mesta reynslubolta til að leiða nefndina í þeim tilgangi að aðrir í æskulýðsnefndinni yrðu fær í að skipuleggja FYCamp seinna meir. Skipulagsnefnd FYCamp 2025 skipuðu: Helga Björg Helgadóttir, Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, G. Linda Björgvinsdóttir og Stefán G. Ármannsson. Skipulagsnefndin upplýsti reglulega æskulýðsnefnd um hvernig skipulagið gengi og gafst þannig nefndarmönnum tækifæri að komið með uppástundur.

FYCamp var haldið í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri daganna 9.-14. júlí og þar með í fjórða sinn sem viðburðurinn er haldin á Íslandi. Alls komu 32 þátttakendur frá 11 löndum og 10 fararstjórar ásamt forseta FEIF Gundula Sherman. FYCamp gekk heilt yfir mjög vel og voru



allir þátttakendur og farastjórar til fyrirmyndar. Andrúmsloftið milli farastjóra, skipulagsnefndar og forseta FEIF var afslappað enda hópurnir góðir blanda af konum sem höfðu áður verið fararstjórar og nýliðum.

Þátttakendur gistu í nemendaíbúðum Landbúnaðarháskólans. Þátttökugjaldið fyrir hvern þátttakanda og fararstjóra var €660 og rann af því €650 eða 92.300 kr. til LH. Skipulagsnefndin hafði því alls 3.876.600 kr. til umráða til að skipuleggja FYCamp. Nefndin náði að spara rútukostnað með því að nýta einkabíla sína og þeirra fararstjóra sem voru á bílaleigubílum til að keyra hópana á milli Hvanneyris, Miðfossa, Hreppslaug og Skáneyrar, þannig náðist að halda kostnaði réttum megin við núll án þess að það bitnaði á gæðum dagskrár en kostnaður endaði í 3.707.533 kr.

Starfmenn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri voru virkilega ánægð með að leitað hafi verið til þeirra. Aðstaðan þar var öll til fyrirmyndar og virtust þátttakendur almennt hafa verið nokkuð ánægð með dvölinna þar. Landbúnaðarháskólinn sagði þátttakendum frá námsframboðinu sínu. Hinrik Þór Sigurðsson hélt fyrirlestur um hvað LH sé að gera í afreksmálum æskunar og spjallaði við þátttakendur um reynslu sína af FYCamp. Inga Berg Gísladóttir sá um hópefli þar sem hópnum var skipt upp í minni hópa og þurftu að gera verkefni um leið og gengið var í náttúruni í kringum Hvanneyri. Haldið var Country kvöld þar sem hvert land þurfti að halda kynningu um landið sitt og voru kynningarnar æði fjölbreyttar og tókst kvöldið vel til og var góð stemming meðal hópsins. Úndína Þorvaldsdóttir dýralæknir var með fyrirlestur sem bar yfirheitið Healthy horse = happy horse. Johannes Amplatz var með kynningu, sagði frá sjálfum sér, sínum kynnum af FEIF starfi og sínum rannsóknum sem endaði á mjög skemmtilegu Kahooti. Hópnum var skipt í 8 manna hópa og skiptust hóparnir á að fara á hestbak, í sund, í sætisæfingar hjá Birnu Tryggvadóttur og að fylgjast með sætisæfingu hjá öðrum hópi. Einnig unnu hóparnir fyrirfram ákveðin veggspjaldakynningar og í lok Camp kynnti hver hópur sitt verkefni. Einnig var farið í skoðunarferð um Borgarfjörðinn. Hópurinn fékk að skoða Deildartunguhver, Hraunfossar, Barnafoss og Grábrók. Síðasta kvöldið var haldið pylsupartý og kveðjupartý þar sem skapaðist mikil stemming þar sem allir tóku þátt.



Íslandi átti alls fjóra fulltrúar á FYCamp: Kristín Lára Eggertsdóttir úr Snæfellingi, Victoria Krystyna Slota úr Blæ, Edda Lind Einarsdóttir Hallbach úr Freyfaxa og Rebecca Luise Lehmann úr Snæfellingi. Fararstjóri íslenska hópsins var Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður æskulýðsnefndar LH.

FJÖLSKYLDUDAGUR LH

Æskulýðsnefnd fékk þá hugmynd að halda Fjölskyldudag LH á Skógarhólum þar sem fjölskyldur gætu komið saman, farið í hópreið, grillað saman og skemmt sér. Stefnt var upphaflega á að halda Fjölskyldudag LH síðastliðið vor en hugmyndir taka breytingum og þróaðist hugmyndin úr því að halda daginn á Skógarhólum yfir í að halda daginn í hverjum landsfjórðungi og því ákveðið að fresta deginum til 2026. Nefndin vill gjarnan fá félög til liðs með sér sem tilbúin eru til að bjóða nærfélögum til sín og skipuleggja reiðtúr á sínum slóðum. Við vonum að Fjölskyldudagur LH verði að veruleika í vor/sumar.

FEIF YOUTH LEADER SEMINAR 2025/2026

Til stóð að halda í ár FEIF Youth Leader Seminar í Danmörku sem er viðburður fyrir ungmenni til að styrkja þau til að verða betri sjálfbóðaliðar í störfum tengdum hestamennskunni. Vegna lítillar aðsóknar var ákveðið að fresta viðburðinum fram á næsta ár. Við hvetjum félögin til að hvetja sín ungmenni til að sækja um.

FEIF YOUTH CUP 2026

FEIF Youth Cup (FYCup) verður haldið daganna 13.-19. júlí 2026 í Rieden í Þýskalandi, nánar tiltekið á sama stað og næsta heimsmeistaramót verður haldið. FYCup er fyrir knapa á aldrinum 14-17 ára sem vilja öðlast keppnisreynslu á erlendri grundu. Þetta er einnig frábært tækifæri til kynnast ungum og efnilegum knöpum frá öðrum löndum. Áhersla FEIF Youth Cup er á teymisvinnu, íþróttamennsku, bætta reiðfærni og vináttu þvert á menningu.

Við viljum gjarnan óska eftir liðsinni félaganna við að hjálpa nefndinni með því að deila auglýsingunni fyrir FYCup 2026 þegar við munum óska eftir því þannig að sem flestir geti átt möguleika á að sækja um þátttöku en Ísland á rétt á að senda 7 þátttakendur á FYCup.



FEIF YOUTH LEADERSHIP SEMINAR 2027

Æskulýðsnefnd FEIF hefur óskað eftir því að æskulýðsnefnd LH haldi FEIF Youth Leadership Seminar 2027. Nefndin óskaði eftir leyfi stjórnar LH um að taka að sér að halda viðburðin 2027 og var sú ósk samþykkt. Það eru því óhætt að segja að það séu spennandi tímar framundan hjá nefndinni að skipuleggja næsta FEIF Youth viðburð hérlandis.

ÆSKULÝÐSBIKAR LH

Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar Landsambands hestamannafélaga (LH) er afhentur því félagi sem skarað hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá árinu 1996. Valið byggir á ársskýrslum æskulýðsnefnda félaganna, sem sendar eru inn til æskulýðsnefndar LH á haustin og hefur nefndin það verkefni að velja handhafa bikarsins og byggist valið á innsendum skýrslum.

Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf félaganna og metnaðarfullt æskulýðsstarf skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíð greinarinnar því þaðan kemur framtíðar grasrót félaganna. Æskulýðsstarfið er lang mikilvægasta starf hvers félags.

Á síðasta ári bárust nefndinni 11 skýrslur. Það er alltaf skemmtilegt að lesa skýrslurnar og ekki skemmir þegar þær innihalda myndir úr starfinu. Um leið og nefndin þakkar fyrir innsendar skýrslur vill nefndin hvetja fleiri félög að senda inn skýrslur æskulýðsnefnda því þær gefa nefndinni annars vegar upplýsingar um hvað er um að vera hjá félögunum og hins vegar eru þær mikilvægur hugmyndasjóður fyrir önnur félög.

Það er alltaf jafn ánægulegt að sjá í skýrslunum hve mikið og öflugt starf fer fram hjá félögunum og sjá hvað félögin eru dugleg að bjóða upp á hina ýmsu viðburði



fyrir æskuna, jafnt með og án hesta. Í skýrslunum mátti sjá öflugt og gott æfinga- og námskeiðshald hjá félögunum. Mörg félög stóðu fyrir reglubundnum æfingum, almennum reiðnámskeiðum, keppnisnámskeiðum auk þess sem knapamerkjanámið virðist alltaf vera jafn vinsælt. Félagshesthúsum fer fjöldandi um landið með ýmsum hætti, sem opnar möguleika þeirra sem ekki hafa bakland í hestamennsku að stunda íþróttina. Einnig gleður það okkur virkilega mikið að sjá að félög eru að bjóða upp á sýningar þar sem æskan fær að njóta sýn.

Áfram halda félögin að stíga skref í þá átt að líta á sig sem íþróttafélög og bjóða upp á markvissar æfingar, líkt og gert er í öðrum íþróttagreinum. Nefndin telur það skref í rétta átt fyrir íþróttina og að með þeirri stefnu muni greinin vaxa, vera samkeppnishæfari og dafnar til framtíðar.

Það er ávalt vandasamt verk að velja handhafa bikarsins, enda þarf ávalt að hafa í huga stærð hvers félags og meta starfið út frá stærð þess og meta fjölbreytileika starfsins með það í huga hvert bolmagn hvers félags er í raun. Það félag sem þykir hafa staðið upp úr í ár hefur verið með virkt starf allt frá stofnun félagsins og hefur mikill metnað verið lagður í starf undanfarin ár.

Handhafi Æskulýðsbikars LH 2024 var Hestamannafélagið Sprettur í Kópavogi og Garðabæ. Félagið sendi inn vandaða og vel upp setta 18 blaðsíðna skýrslu. Félagið telur á annað þúsund félagsmenn þar sem um helmingur tilheyrir yngri flokkum félagsins og var stofnað árið 2012.

Félagið hefur sífellt verið að bæta starf sitt, horfir mjög vítt á starfið og er umhugað um alla æsku félagsins, hvort sem um er að ræða áhugaknap, keppnisknapa eða þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni. Félagð hefur



staðið vel að nýliðin og hefur starfið vaxið og dafnað ár frá ári nú um nokkura ára skeið. Árangur starfsins sést vel í fjölgun félagsmanna og mikillar nýliðunar.

Félagið stóð fyrir tugum viðburða fyrir alla aldurshópa að meðtöldum námskeiðum og æfingum ásamt því að reka félagshesthús. Þau byrjuðu starfið sitt strax á haustmánuðum sem gerir starf þeirra að heils vetrarstarfi. Sjá má í skýrslunni þeirra að þau eru dugleg að bjóða upp á fjölbreytta viðburði og hugsa út fyrir kassann. Meðal þess sem okkur fannst athyglisvert er að þau stóðu að skipulögðum reiðtúrum fyrir yngri kynslóðina, þar á meðal fyrir polla. Þau stóðu fyrir ferð þar sem gist var, reiði út og farið í leiki. Þau virkja krakkana með sér og eru annars vegar með barna- og unglingaráð og hins vegar með ungmennaráð sem opnar fyrir ungu kynslóðina að hafa áhrif á æskulýðsdagskránna. Það var meðal annars til þess að staðið var fyrir reiðnámskeiðferð eingöngu ætlað ungmennum. Ekki síður vakti athygli nefndarinnar að félagið uppfyllti óskir yngri félagsmanna og fóru með hóp yngri félagsmanna í ferð erlendis til að sjá hestasýningu sem krakkarnir söfnuðu fyrir með ýmsikonar fjáröflun. Það sem nefndinni fannst ekki síst áhugavert og tekur undir með ungu kynslóð félagsins er að sjá önnur félög stofna yngri flokka ráð og að haldið verði Landsþing yngri flokka.

HANDHAFAR ÆSKULÝÐSBIKARS LH FRÁ 1996 TIL 2024

1996	Léttir	2006	Léttir	2016	Sörli
1997	Gustur	2007	Máni	2017	Brimfaxi
1998	Sörli	2008	Þytur	2018	Hringur
1999	Hörður	2009	Dreyri	2019	Geysir



2000	Freyfaxi	2010	Logi	2020	Hornfirðingur
2001	Máni	2011	Hörður	2021	Slepinir
2002	Smári	2012	Sleipnir	2022	Sörli
2003	Fákur	2013	Sindri	2023	Jökull
2004	Blær	2014	Fákur	2024	Sprettur
2005	Andvari	2015	Sprettur	2025	???

F.h. Æskulýðsnefndar LH,

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður